

## Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

### Mál nr. 1/2023-2024

**Kærandi:** Emilía Sara Ólafsdóttir Kaaber og Erna Guðrún Kaaber.

**Kærðu:** DV, Guðrún Gyða Eypórsdóttir, Ágúst Borgþór Sverrisson.

**Kæruefni:** Umfjöllun og viðtal DV við Valgeir Reynisson vegna deilu hans við Barnanefnd Reykjavíkur. Fréttin „Stefnir Sindra og Barnavernd Reykjavíkur fyrir dóm vegna Fósturbarna – Segir þáttinn hafa valdið örorku og dauðsfalli“ birtist 03.06.2023 og „Valgeir höfðar mál gegn Sindra, Sýn og Barnavernd Reykjavíkur – „Ég missti allt í kjölfarið á þessum þætti““ birtist 04.06.2023. Kærendur telja umfjöllunina varða við 2. og 6. grein siðareglna.

### Málsmeðferð:

Kæran barst skrifstofu BÍ 04.08.2023. Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands tók málið fyrir 08.09.2023 og aftur á fundi 19.09.2023. Endanlega var úrskurðað í málinu 21.09.2023.


**Málavextir:** Kærandi taldi að umfjöllunin fæli sér rætnar og auðveldlega afsannaðar fullyrðingar um málsmeðferð Valgeirs Reynissonar hjá Barnavernd. Slík umfjöllun græfi undan almannatrausti á mikilvægri stofnun á ósanngjarnan og óheiðarlegan máta. Meintar rangfærslur voru ítarlega raktar í kærinni.

**Umfjöllun:** Kærendur eru ekki til umfjöllunar í umræddum fréttum DV og hafa ekki bein tengsl við umfjöllunarefnið. Kærendur telja sig „fyrst og fremst hafa hagsmuni að gæta af úrlausn þessa máls sem almennir borgarar, en einnig sérstaklega sem einstaklingar sem tengjast fósturbörnum fjölskylduböndum.“ Siðanefnd hefur að jafnaði túlkað hagsmunatengsl kæranda þröngt og má þar vísa til mála nr. 6/2019-2020, nr. 9/2010-2011, nr. 12/2010-1011 og nr. 2/2004-2005. Undantekningar eins og í máli 5/2019-2020 og 3/2002-2003 eiga ekki við í þessu tilfelli. Siðanefnd telur aðild kæranda ekki uppfylla málsmeðferðarreglur við meðferð kæra vegna meintra brota á Siðareglum Blaðamannafélags Íslands og því beri að vísa málinu frá.

**Úrskurður:**

Málinu er vísað frá Siðanefnd Bláðamannafélags Íslands.

Reykjavík 21.09.2023



Pálmi Jónasson



Valgerður Jóhannsdóttir



Emma Björg Eyjólfsdóttir



Ásgeir Þór Árnason



Jóhann Óli Eiðsson